

Orðmyndun III

Forskeyti og forliðir

- eru sett framan á rætur eða stofna lýsingarorða, nafnorða, sagna og atviksorða (ekki mjög algengt).
- breyta merkingu orðsins. Þau mynda nýtt sjálfstætt orð.
- geta ekki staðið sem sjálfstæð orð.
- hafa ekki áhrif á sérhljóð í rótinni og þau breyta ekki orðflokki orðsins.

Forskeyti eða forliðir?

Orðið *óhollur* er ekki samsett orð heldur er það myndað með því að skeyta forskeytinu *ó-* við lýsingarorðið *hollur*. Forskeyti eru ekki sjálfstæð orð, þ.e. þau standa aldrei ein og sér í setningum eins og nafnorð, sagnorð, atviksorð, fornöfn og lýsingarorð. Sum forskeyti neita merkingu orðsins sem þeim er skeytt framan á eða draga úr merkingu þess eins og forskeytin *and-* (*andstæða*), *mis-* (*misgóður*), *ó-* (*óhollur*), *tor-* (*torveldur*), *van-* (*vanheill*) og *ör-* (*örorka*).

Orðin *tvíbýli*, *þríbýli*, *fjölbýli* og *sambýli* eru ekki heldur samsett úr tveimur orðum heldur úr forlið og nafnorði. *Býli* er nafnorð í hvorugkyni en *tví-*, *þrí-*, *fjöl-* og *sam-* eru forliðir. Forliðir eru ekki sjálfstæð orð frekar en forskeyti en þeir líkjast meira að merkingu sjálfstæðum orðum eins og töluorðum og lýsingarorðum. Mörk milli forskeyta og forliða eru þó mjög oft óljós. Hið sama má líka segja um mörk milli forliða og sjálfstæðra orða.

Fleiri forliði má sjá í orðum eins og *kolsvartur*, *eldfljótur*, *ískaldur* og *forljótur*. Allir þessir forliðir hafa það hlutverk að leggja áherslu á orðin sem þeim er skeytt framan við. Merking orðanna er því *mjög svartur*, *mjög fljótur*, *mjög kaldur* og *mjög ljótur*.

Nokkur forskeyti og forliðir

Forskeyti/forliðir	Merking	Dæmi
aðal-	höfuð-, megin-	aðalatriði, aðalbygging
al-	alveg, allur	algóður, alheimur, alþingi
all-	nokkuð, talsvert	allmargir, allgóður
and-	á móti	andmæla, andheiti
auð-	auðveldur	auðheyrður, auðskilinn
auka-	í viðbót	aukapersóna, aukavinna
einka-	einstaklings-	einkabílstjóri, einkabarn
endur-	aftur	endurtaka, endurskoða
fer-/fjór-	fjórir	ferhyrndur, fjórfaldur
fjar-	langt	fjarlægur, fjarstýring

fjöl-	marg-	fjölmennur, fjölmiðill
for-	fyrir, á undan	forskeyti, fordómar
frum-	fyrst	frumskógur, frumsýna
meðal-	að jafnaði	meðaltal, meðalhiti
mis-	mismunandi, ekki	misskilja, mistakast
of-	of mikið	ofmeta, ofreynsla
ó-	ekki	óhræddur, óljós, óviti
sam-	saman	samvinna, samþykking
sér-	sérstakur, sjálfur	sérfræðingur, sérstakur
sí-	alltaf	sífullur, sífellt
smá-	lítill	smábarn, smásaga
tor-	erfiður	torveldur, torskilinn
tví-/tvö-	tveir	tvíburar, tvöfaldur
van-	ekki nóg	vanmeta, vangefinn
þre-/þrí-	þrír	þrefaldur, þrívídd
ör-	ekki	öreigi, öryrki, öryggi
	mjög	örmjór, örlítill
	mjög lítill	örbylgjuofn, örtölva

Verkefni

1. Veljið ykkur fjögur forskeyti/forliði. Nefnið eitt dæmi um hvert þeirra (dæmið má ekki vera á listanum). Þurftuð þið að nota orðabók til að finna dæmin?
2. Eru einhver forskeyti/forliðir á listanum sem þið hafið aldrei séð?
3. Skoðið vel dæmin um forskeytið *ör-* í merkingunni ‘ekki’. Flettið merkingunni upp í orðabók ef þið þekkið ekki orðin. Hvernig eru þessi orð hugsuð?
4. Setjið forskeyti/forliði framan á eftirfarandi orð. Athugið að það getur verið um eitt eða fleiri forskeyti að ræða.

jafnir

skipting

kunnátta

breytilegur

leikari

að meta

að nota